

Kynbundin verkskipting á Íslandi

Þóra Kristín Þórsdóttir

Opinn fundur um samræmingu
fjölskyldu- og atvinnulífs, Hótel KEA,
12.Apríl 2013

Kynbundin verkskipting?

- Alþjóðleg; alls staðar er verkum skipt eftir kyni
- Kynbundin verkskipting í samfélaginu vs kynbundin verkskipting á heimilinu
 - Sundurgreinanlegt þó mjög skylt
 - Samspil: heimili -> samfélag, samfélag-> heimili
 - Velur kona að vinna 40 tíma á viku, í leikskóla, en maðurinn hennar að vera iðnaðarmaður með 50 klst vinnuviku, vegna þess að hún ber meiri ábyrgð á börnum og heimili – eða deila þau meðvitað ábyrgð á fjölskyldu og heimili með starf, vinnutíma og launamuninn í huga? Hvar koma viðmið og gildi samfélagsins inn?

Verkskiptingin: forsenda þess hve vel tekst að samræma heimili og vinnu

- Hve vel tekst að samræma heimili og vinnu byggir augljóslega á því hve mikið álag er af hvoru tveggja. Hins vegar er kyn mikilvæg skýringabreyta í því vegna kynbundinnar verkskiptingar:
 - Kynbundin verkskipting í samfélaginu:
 - Álag á vinnustað, vinnutími, laun, sveigjanleiki
 - Á heimilinu
 - Vinnutími, álag, ábyrgð, sveigjanleiki

Verkskiptingin: forsenda þess hve vel tekst að samræma heimili og vinnu

- Hve vel tekst að samræma heimili og vinnu byggir augljóslega á því hve mikið álag er af hvoru tveggja. Hins vegar er kyn mikilvæg skýringabreyta í því vegna kynbundinnar verkskiptingar:
 - Kynbundin verkskipting í samfélaginu:
 - Álag á vinnustað, vinnutími, laun, sveigjanleiki
 - **Á heimilinu**
 - Vinnutími, álag, ábyrgð, sveigjanleiki


Gögn: fjórar kannanir

- Sú fyrsta er lífshjarakönnun sem gerð var af Félagsvísindastofnun fyrir forsætisráðuneytið árið 1988.
 - Viðtalskönnun; úrtak 2000 manns, svarhlutfall 81% (Stefán Ólafsson, 1990).
- Sú næsta er könnun *International Social Survey Programme* frá 2002 á fjölskyldulífi og breytingum á kynhlutverkum.
- Hinar kannanirnar tvær eru svo íslenskar endurtekningar á henni. Sú fyrri var lögð fyrir árið 2005 af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Stefán Ólafsson. Úrtakið var slembiúrtak 1000; svarhlutfall 73,4%.
- Seinni könnunin var framkvæmd árið 2010 af Félagsvísindastofnun fyrir hönd Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands. Úrtak 1500 einstaklinga á aldrinum 16-67 ára. Svarhlutfallið var 63,4%.

Vinnutími á heimili

- Árið 1988 vorðu konur að meðaltali 18,8 klst á viku í heimilisstörf og karlar 5,8
- Árið 2010 vorðu konur 12,8 klst í heimilisstörf á viku að meðaltali, karlar 8,7
 - Athugið meðaltal allra, giftra og ógiftra, barnafólks og barnlausra

Tími sem hjón og sambúðarfólk ver til heimilisstarfa í ýmsum löndum 2002 (Ísland 2005)



Skiptingin sjálf

- Þegar fólk í hjúskap er skoðað skiptist tíminn sem hjónin verja til heimilisstarfa að meðaltali þannig að konan vinnur 70%, karlinn 30%
 - Þetta er í samræmi við niðurstöður í löndum sem við berum okkur saman við
- Tíminn er líka notaður í ólíka hluti; þ.e. heimilisstörfunum er skipt eftir kyni:
 - Konur sjá nánast alfarið um þrif og þvotta á meðan karlar sjá um viðhaldið
 - Eldamenskunni er meira deilt, þó konurnar eldi oft. Eins er með innkaupin.

Barnauppeldi og umönnun annarra

- Umönnun barna er einnig meira á herðum kvenna en karla, t.d. vörðu giftar mæður að meðaltali tæpum 33 klst á viku í umönnun barna 2010, en giftir feður 19 klst (63/37 skipting).
- Það á einnig við um umönnun annarra ættingja og vina - þó er slík vinna almennt lítil í samhengi við annað.


Heildarvinnuálag

- Gamla sagan; karlar vinna lengur úti, konur bera meiri ábyrgð á heimili og börnum -> en er heildarvinnuálag ekki nokkuð jafnt?
- Stutta svarið er nei.
 - Fólk í hjúskap í fullu starfi með börn:
 - Konur: 90,3 klst ; karlar 79,3 klst (heildarvinnutími)
 - Fólk í hjúskap, í fullu starfi, barnlaust
 - Konur 61 klst; karlar 57,6 klst (heildarvinnutími)


	Launavinna	Ólaunuð umönnun	Heimilisstörf	Umönnun barna	Samtals
Konur, í fullu starfi, í hjúskap og með börn	41.8	2.2	13.8	32.6	90.3
Karlar, í fullu starfi, í hjúskap og með börn	49.8	0.8	9.7	19.0	79.3
Konur, í hlutastarfi, í hjúskap og með börn	25.9	1.8	17.0	40.1	84.9
Konur, í fullu starfi, í hjúskap, barnlausar	42.9	4.2	13.9	0.0	61.0
Karlar, í fullu starfi, í hjúskap, barnlausir	47.4	0.9	9.3	0.0	57.6
Konur, í hlutastarfi, í hjúskap, barnlausar	25.4	2.7	14.5	0.0	42.7
Konur, í fullu starfi, einhleypar, með börn	43.0	1.7	10.6	31.7	87.0
Konur, í fullu starfi, einhleypar og barnlausar	41.8	4.2	8.9	0.0	54.9
Karlar, í fullu starfi, einhleypir og barnlausir	55.6	1.6	12.1	0.0	69.3

Hvernig gengur samræming
fjölskyldulífs og vinnu á Íslandi?

“Ég hef komið of þreytt/ur úr heim úr vinnu til að sinna þeim verkum sem þarf að sinna” - Hlutfall svarenda sem svarar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar 2002 (Ísland 2005)



“Ég hef átt erfitt með að einbeita mér í vinnunni vegna fjölskyldunnar” – hlutfall svarenda sem svarar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar 2002 (2005).



Er munur á kynjunum?

"Ég hef átt erfitt með að sinna fjölskyldunni vegna þess tíma sem ég ver til vinnu minnar." 2010.

	Nokkrum sinnum í viku	Nokkrum sinnum í mánuði	Nokkrum sinnum á ári	Aldrei
Karlar	8,4%	27,7%	28,6%	35,4%
Konur	5,2%	23,1%	28,2%	43,5%

"Ég hef átt erfitt með að einbeita mér í vinnunni vegna fjölskyldunnar." 2010.

	Nokkrum sinnum í viku	Nokkrum sinnum í mánuði	Nokkrum sinnum a ári	Aldrei
Karlar	0,3%	6,6%	33,4%	59,7%
Konur	1,5%	7,8%	36,1%	54,6%

Niðurstöður

- Íslendingar verja tiltölulega litlum tíma í heimilisstörf en hafa langa vinnuviku.
- Kynbundin verkskipting á Íslandi hefur lítið breyst og er í samræmi við niðurstöður erlendis; Íslendingar eru ekki sérlega framarlega á því sviði
- Heildarvinnuálag kvenna er meira en karla í sömu stöðu -> erfiðara að ná jafnvægi
- Árekstar fjölskyldulífs og vinnu eru fremur tíðir á Íslandi
- Það er (lítill?) munur á kynjunum í samræmi við hin hefðbundnu kynhlutverk; karlar upplifa meiri árekstra þar sem vinnan rekst á við fjölskylduna, en konur árekstra þar sem fjölskyldan rekst á við vinnuna.

Útgáfa

- Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir.
Vinna og heimili fyrir og eftir bankahrún.
Skýrsla unnin fyrir Velferðarvaktina (útgáfa væntanleg á þessu ári).
- Þóra Kristín Þórsdóttir, “Vinna og heimilislíf”,
kafla 15 í *Þróun velferðarinnar 1988-2008*,
Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.),
Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.